

Eiríkur Rögnvaldsson

Séríslenskir bókstafir, sjálfsmynd Íslendinga og framtíðarþróun íslensku

Það er ekki alltaf ljóst við hvað er átt þegar talað er um „íslenska stafi“. Oft virðist það eiga við alla stafi sem ekki eru í enska stafrófinu, þ.e. *áéíóúýðþæö ÁÉÍÓÚÝÐÞÆÖ*. Sumir þessara stafa eru þó notaðir í mörgum öðrum tungumálum. Það á einkum við um broddstafina, *áéíóú* – *ý* er miklu sjaldgæfara en þó a.m.k. notað í tékknesku. Bæði *æ* og *ö* eru líka notuð víðar – *æ* í dönsku og norsku, *ö* í sænsku og þýsku, svo að dæmi séu tekin. Eftir standa þá *ð* og *þ* sem mega með réttu kallast séríslenskir stafir, þótt *ð* sé að vísu einnig notað í færeysku sem tók það upp eftir íslensku. En *þ* er hvergi annars staðar notað svo að ég viti.

Reyndar má líka deila um sérstöðu *ð*. Í sumum málum, t.d. samísku, króatísku og víetnömsku, er notaður stafurinn „d með striki“ (d with a stroke), *đ*. Í letri lítur sá stafur út eins og nafnið bendir til, þ.e. eins og *d* með þverstriki yfir legginn. Vitanlega er *ð* líka í einhverjum skilningi „d með striki“ þótt útlitið sé venjulega stílfært í letri, og um það leyti sem *ð* var endurvakið í íslensku var stundum talað um það sem „stungið *d*“. En stórt *Ð* og stórt „D með striki“ eru nákvæmlega eins, þótt þau hafi tvö númer í Unicode-stafasettinu (00D0 og 0110). Því má bæta við að *ð* er einnig notað í alþjóðlega hljóðritunarkerfinu (International Phonetic Alphabet, IPA) til að tákna raddað tannbergsmælt öngljóð, þ.e. hljóðið sem bókstafurinn *ð* stendur venjulega fyrir í íslensku.

Þegar ritöld hófst á Íslandi á 12. öld ráku menn sig fljótt á það að í málinu voru ýmis hljóð sem ekki áttu sér neina ótvíræða táknun í latneska stafrófinu. Því kom fljótlega upp ruglingur í táknun ýmissa íslenskra málahljóða. Til að koma skikki á þau mál skrifaði óþekktur fræðimaður ritgerð sem er kölluð *Fyrsta málfræðiritgerðin* og höfundurinn jafnan *Fyrsti málfræðingurinn*. Í upphafi ritgerðarinnar segir (stafsetning færð til nútímahorfs):

En af því að tungurnar eru ólíkar hver annarri, [...] þá þarf ólíka stafi í að hafa, en eigi ina sömu alla í öllum, [...] heldur ritar sínum stöfum hver þjóð sína tungu. Hveriga tungu er maður skal rita annarrar tungu stöfum, þá verður sumra stafa vant, [af því að hver tunga hefir hljóð þau er eigi finnast í annarri. Svo ganga og sumir stafir af] af því að eigi finnst það hljóð í tungunni sem stafirnir hafa, þeir er af ganga. [...] Nú eftir þeirra dæmum [...] þá hefi eg og ritið oss Íslendingum stafróf, bæði latínustöfum öllum þeim er mér þótti gegna til vors máls vel, svo at rétt ræðir mætti verða, og þeim öðrum, er mér þótti í þurfa að vera, en úr voru teknir þeir, er eigi gegna atkvæðum vorrar tungu.

Hér er lögð áhersla á að hvert tungumál hafi sérþarfir sem þurfi að sinna og hvert mál hafi sitt yfirbragð. Meðal þeirra stafa sem Fyrsti málfræðingurinn lagði til að yrði bætt við latneska stafrófið var *þ*. Það var þó ekki nýjung – *þ* virðist hafa verið notað í íslensku nokkurn veginn frá upphafi ritaldar og er komið úr enskri skrift. Sú gerð *þ* sem er notuð í elstu íslensku heimildum líkist mest *þ* sem hvarf úr enskri skrift um miðja 11. öld, þannig að bókstafurinn er væntanlega kominn inn í íslensku fyrir þann tíma. Fyrsti málfræðingurinn gerði aftur á móti ekki ráð fyrir *ð*, heldur ætlaðist til að [ð]-hljóðið væri táknað með *þ*. Þannig skrifaði hann t.d. *gop* og *góp* en ekki *god* og *gód*. Þetta er í samræmi við þá stafsetningu sem tíðkaðist í íslensku á þessum tíma.

Bókstafurinn *ð* kom inn í íslensku úr norsku í byrjun 13. aldar og var notaður á aðra öld, en á 14. öld hættu menn að skrifa *ð* – líka fyrir áhrif frá norsku. Þar hvarf hljóðið sem bókstafurinn táknaði úr málinu, eða breyttist í [t]. Þótt það gerðist ekki í íslensku fylgdu menn Norðmönnum í þessu enda áttuðu menn sig á því að þessi bókstafur var alveg óþarfur – samanber það að Íslendingar komust ágætlega af án hans fram um 1200. En í stað þess að hverfa aftur til þess að nota *þ* til að tákna [ð]-hljóðið fóru menn að nota *d*. Þess vegna skrifuðu menn í margar aldir *madur*, *vidur*, *vedur*, *tada*, *vada* o.s.frv. í stað *maður*, *viður*, *veður*, *taða*, *vaða*. Það táknaði alls ekki að menn bæru þessi orð fram með *d* og segðu [ma:tyr], [vi:tyr], [ve:tyr], [tʰa:ta], [va:ta] eins og við sem erum vön því að rita *ð* myndum kannski gera. Þegar menn lærðu að lesa lærðu þeir að *d* inni í orðum táknaði hljóðið [ð]. Það er alveg hliðstætt við það að í orðinu *galdur* táknar *g* lokhljóð en í orðinu *saga* táknar það önghljóð. Það truflar okkur ekkert því að við lærum þetta þegar við lærum að lesa.

Það var svo danski málfræðingurinn Rasmus Christian Rask sem innleiddi *ð* aftur í íslenska stafsetningu snemma á 19. öld. Rask var eins og kunnugt er einn þeirra sem stóðu fyrir því sem oft er kallað „endurreisn íslenskunnar“ og tengdist rómantísku stefnunni og aukinni þjóðerniskennd. Menn vildu hreinsa málið af dönskum áhrifum og leituðu þá iðulega til forn málsins sem fyrirmyndar og þangað sótti Rask *ð*, sem hann kallaði reyndar „stungit *dé*“ eins og áður segir. Hér má sjá stafróf Rasks í *Anvisning til isländskan eller nordiska fornspråket*, 1818.

a	á	g	ge	n	enn	u	ú
b	bè	h	há	o	ó	v	vaff
(c	sè)	i	í	p	pè	x	ex
d	dè	j	joð	(q	kú)	y	ý
(ð stungit dé)		k	ká	r	err	z	seta
e	è	l	ell	s	ess	þ	þorn
f	eff	m	emm	t	tè	æ	æ (aj)
						ö	ö

ð er meðal algengari bókstafa í íslensku ritmáli – 9. algengasti bókstafurinn samkvæmt *Íslenskri orðtíðnibók* og sá næstalgengasti aftast í orði – og því hafði endurreisn þess mikil áhrif á yfirbragð málsins og er kannski ein augljósasta breyting sem verður á ásýnd íslensks ritmáls á þessum tíma. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags, *Skírnir*, sem hóf göngu sína 1827, tók upp *ð* 1830, og *Fjölnir* notaði *ð* frá upphafi, 1835.

Hér má sjá tvær síður úr *Skírni*, þá fyrri úr 3. árgangi 1829 og þá seinni úr 4. árgangi 1830. Í fyrra dæminu er ekki prentað *ð*, en það hefur verið tekið upp í því seinna.

Fréttir 1829.

Veduráttufar í álfu vorri á þessu tímabili var margbreytiligt; vorid var blíð og hagstædt, en sumarid var í norðrhluta hennar óvenjula regnasamt, í suðrpartinum þarámóti gengu þurkar og hiti fram úr hófi; haustid var allhagstædt, þó vetradi víða snemma, og þegar kom fram um jól, gjördist vetur hvervetna en hardasti, með miklu frosti og snjókomu, sem ennú (í midgöu) vidhelzt. Sumarveduráttan hafði óhollar afleiðingar á heilsufar manna, einkum í þeim norðlægu löndum, hvarköldusóttir og kránkleikar gengu venju frammar, og urdu mörgum að bana; í sydra hlutanum gekk en austurlenzka drepsótt, og í Gibraltar sú vesturlenzka, hvar slík landplága var ádr óþekkt; jardskjálftar og fellibyljir hreifdu sér allvíða, og ollu sumstadar stórskemmdum; náttúran var því þetta ár hvörki blíð né kyrrlát, en gekk svo að kalla í berhög vid manneskjurnar.

En einsog það var á þessu ári venju frammar ókyrrlát í ríki náttúrunnar, svo var að hinu leitinu ekki heldar með öllu fridsamt meðal

Fréttir 1829.

Á þessu ári hafa orðið mörg tíðindi og merkilig, en þó mest í viðskiptun. Rússa og Tyrkja, og munu. Þau enn leiða til fleiri hluta enn fram eru komnir, þegar fram líða stundir. En ádr enn vör byrjum að segja frá þessum eða öðrum atburðum, sem orðið hafa á þessu ári, viljum vör renna augum vorum sem skjótast yfir þær markverðustu hræringar, er orðið hafa í hinu stóra þjóðalífi á næst fyrirfarandi árum, svo að vör getum þess betr fylgt tilburðanna röð og gangi, tengt það nálæga við það undangengna, og lypt þaukum vorum að lokunum til hins alvalda, sem auðsjáanliga leiðir allar biltingar í hinu stóra þjóðalífi, til þess takmarks, sem hönum þykir best fara.

Grikkir höfðu þegar andvarpað undir þrældómsoki Tyrkja næstum því í 400 ár, þegar þeir árið 1821 risu upp, til að brjótast undan því. Land þeirra var einasta einu lífill skiki á móti öllu Tyrkjaveldi að reikna, og þókti mönnum þeir takast helzt of mikið í fang. Soldán brást reidr

Það má færa rök að því að séríslenskir stafir hafi orðið að einhvers konar tákni fyrir sjálfsmynd Íslendinga. Um það má nefna fáein greinileg dæmi frá seinni árum, en dæmin eru örugglega mun fleiri.

Þegar *Mímir*, félag stúdenta í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands, hóf útgáfu samnefnds tímarits 1962, voru stafirnir *þ* og *ð* látnir mynda forsíðumynd ritsins.



Þessi forsíða var notuð í 10 ár, og þegar skipt var um forsíðumynd var sú nýja einnig byggð á þ og ð og notuð í 14 ár, til 1986. Í fyrsta blaðinu stendur á bls. 2: „Kápu og vinnuteikningar gerði Hallgrímur Tryggvason“ sem var prentari í Prentsmiðju Jóns Helgasonar þar sem blaðið var prentað og virðist oft hafa séð um umbrot og hönnun. Þegar skipt er um forsíðumynd 1972 stendur að forsíðuteikninguna hafi gert „Baldvin Björnsson, teiknari, af smekkvísi“. Í hvorugt skiptið er forsíðan skýrð nokkuð nánar. Hvaðan skyldi hugmyndin að forsíðunni hafa komið? Var þetta hugmynd frá ritstjórn blaðsins, eða hugmynd Hallgríms prentara? Hvort sem heldur var er augljóst að þessir bókstafir þóttu eiga vel við á forsíðu blaðs íslenskunema.

Kringum 1990 stóð mikið stríð um að halda íslenskum stöfum í alþjóðlegum stafatöflum. Þar skipti mestu máli staðall sem nefnist ISO 8859-1 Latin 1, sem átti að hafa að geyma alla stafi sem notaðir eru í vesturvevörpskum tungumálum. Íslenskir stafir höfðu komist inn í þessa töflu 1987 en 1992 var verið að víkka hana út og þá lögðu fulltrúar Tyrkja hjá Alþjóða staðlaráðinu (International Standard Organization, ISO) fram tillögu um að stafirnir þ, ð og ý yrðu felldir brott úr töflunni en tyrkneskir stafir settir í staðinn. Um þetta varð mikil umræða á Íslandi og m.a. beitti Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra sér fyrir því á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins að íslenskum stöfum yrði haldið inni. Talað var um tillögu Tyrkja sem „Tyrkjarán hið síðara“ og sagt að hún væri „alvarleg atлага að íslensku máli og menningu“. Á teikningu sem birtist með frétt um málið í *Morgunblaðinu* má sjá víking halda á þ.



Árið 2000 setti þáverandi menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, af stað svonefnt tungutækni-átak, sem ætlað var til að gera íslensku gjaldgenga í tölvuheiminum. Átakinu var stýrt af sérstakri verkefnisstjórn og komið var upp vefsíðu og sérstöku merki fyrir það. Á þessum tíma var mikið rætt um vanda við notkun séríslenskra stafa í tölvum og farsímum og kannski hefur það haft áhrif á það hvernig merkið varð – bókstafurinn ð. A.m.k. er ljóst að merkið á að höfða til þessarar sérstöðu íslenskunnar og mikilvægis þess fyrir sjálfsmynd þjóðarinnar að hún sé virt.



www.tungutaekni.is

Það er ekkert auðvelt að myndgera tungumál. Teiknarar eða hönnuðir sem fá það verkefni að hanna kápu á bók um íslensku, eða merki stofnunar eða verkefnis á sviði íslensku, eru ekki öfundsverðir. En þessi dæmi sýna að séríslensku bókstafirnir *þ* og *ð* nýtast stundum í þessum tilgangi. Og því má bæta við að um *ð* hefur m.a.s. verið skrifuð heil bók; *ð ævisaga*.

Það er því enginn vafi á því að séríslenskir bókstafir hafa talsvert tákngildi í sjálfsmynd Íslendinga. En skipta þeir einhverju máli fyrir þróun tungumálsins? Stafir eru bara tákn – þeir eru ekki tungumálið sjálft. Það er samkomulagsatriði hvaða form við notum til að tákna hljóð málsins. Íslendingar – og íslenskan – komust vel af án *ð* í 400 ár. Á fyrstu árum netsins var ekki hægt að nota íslenska stafi þegar tölvupóstur var sendur til útlanda. Þennan póst skrifaði ég t.d. snemma árs 1993:

Eg fekk thetta allavega. Thydir eitthvad fyrir mig ad senda islenska stafi til thin? - Annars er eg svo vanur ad skrifa 7bita islensku thegar eg er ad senda toelvupost ad eg geri thad alveg osjalfratt nuna.

Það var svo sem ekkert mál að venja sig á þetta. Flest lá tiltölulega beint við – maður skrifaði broddlausu stafi í stað broddstafa, *d* í stað *ð*, *th* eða bara *t* í stað *þ*, *ae* í stað *æ* og *oe* eða bara *o* í stað *ö*. Nú er oftast ekkert mál að nota íslensku í tölvupósti og yfirleitt á netinu, en það er þó ekki alveg einhlítt – einn Facebookvinur minn sagðist nýlega hafa verið ávarpaður svona:

„Sehr geehrte/r SigrÃ°ur SÃ|unn SigurÃ°ardÃ³ttir“

Íslensku stafirnir eru ekki heldur alltaf til taks í sínum. En yfirleitt vefst ekkert fyrir manni að skrifa eða skilja texta án þeirra þótt vissulega geti komið upp vafamál í túlkun einstöku sinnum.

En þýðir þetta að íslensku stafirnir séu óþarfir, og við gætum losað okkur við þá án þess að það ylli nokkrum vandkvæðum? Það myndi vissulega leysa ýmis vandamál og koma í veg fyrir alls konar umstang og kostnað. En hefði það einhver áhrif á þróun málsins?

Það má halda því fram að stafsetning sé límið í íslenskri málsögu. Stafsetningin er íhaldssöm og eltir ekki ýmsar hljóðbreytingar sem verða í töluðu máli. Gott dæmi um þetta er broddur yfir sérhljóðstáknum sem táknaði langt hljóð í fornu máli eins og gert var ráð fyrir í tillögum Fyrsta málfræðingsins. Síðan hefur sérhljóðakerfi málsins breyst í grundvallaratriðum og brodduð og broddlaus sérhljóðstákn standa nú ekki lengur fyrir löng og stutt afbrigði sömu hljóða, heldur tvö ólík hljóð – brodduðu táknin oft fyrir tvíhljóð. Þetta truflar okkur ekkert og fæstir vita nokkuð af því; en það leiðir til þess að við getum lesið mörg hundruð ára gamla texta þótt sumir þættir tungumálsins hafi í raun grebrest.

Það er alþekkt að stafsetning getur haft veruleg áhrif á það hversu aðgengilegir textar eru fyrir almenning. Árið 1943 skrifaði Kristinn E. Andr sson grein í *Tímarit Máls og menningar* um

lög þau sem Alþingi setti 1941 og bönnuðu að íslensk fornrit væru gefin út með annarri stafsetningu en „samræmdri stafsetningu fornri“. Kristinn sagði:

Engri erlendri þjóð dettur í hug að fylgja gamalli stafsetningu í nýjum útgáfum af klassískum ritum fyrir almenning. Enskum útgefendum t.d. dettur ekki í hug að vera að fæla þjóð sína frá lestri á leikritum Shakespeares með því að prenta þau með úreltri stafsetningu.

Í viðtali í *Sunnudagsblaði Tímans* 1966 var Árni Böðvarsson cand.mag. spurður hvort hann teldi að samræmd stafsetning forn fældi fólk frá lestri fornrita. Hann svaraði:

Það er ekkert efamál, að svo er. Ég tel, að öll slík rit, sem ætluð eru almenningi, ættu að vera í búningi nútímamáls, að því er tekur til stafsetningar og orðmynda.

En það þarf ekki að leita til fornsagna. Í fyrravor sköpuðust talsverðar umræður um minnkandi lestur á verkum Halldórs Laxness á Facebook-síðu Illuga Jökulssonar. Í þeim umræðum sagði útgefandi bókanna, Jóhann Páll Valdimarsson:

Lestur á verkum hans í skólum hefur skroppið mikið saman og við höfum gert könnun meðal kennara. Eitt af því sem ástæða er til að velta fyrir sér er hvort gefa eigi verk hans út með nútímastafsetningu fyrir skólana. Sú hugmynd fékk að vísu ekki mikinn stuðning meðal kennara og ég efast ekki um að mörgum þyki það helgispjöll en mín skoðun er sú að Laxness muni ekki lifa með nýjum kynslóðum nema stafsetning sé færð til nútímahorfs. Það hrökkva svo margir frá bókum hans vegna hennar.

Þó er stafsetning Halldórs Laxness ekki svo verulega frábrugðin fyrirskipaðri skólafstafsetningu. Halldór skrifar svokallaða „breiða sérhljóða“ á undan *ng* og *nk* í orðum eins og *lángur*, *leingi*, *laung*, og hann skrifar ekki tvöfaldan samhljóða á undan samhljóða, í orðum eins og *skemtun*, *trygð*. Fáein atriði til viðbótar má tína til, en munurinn er sannast sagna ekki ýkja mikill. Ef hann nægir þrátt fyrir það til að fæla marga lesendur frá er auðvelt að ímynda sér að brottfall íslenskra stafa, þar með talinna broddstafa, hefði gífurleg áhrif.

Í umfjöllun *Morgunblaðsins* um „Tyrkjarán hið nýja“ 1992 var m.a. rætt við Baldur Jónsson prófessor sem þá var forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar. Þar segist Baldur óttast

að einhverjir landar okkar leggi til að stafirnir verði felldir úr íslensku máli þar sem það taki því ekki að leggja í kostnaðarsamar breytingar. „Slíkt myndi hreinlega umturna ásýnd íslensks ritmáls og smám saman gera okkur erfitt fyrir um lestur rita sem nú þegar hafa verið gefin út. Næsta skref gæti svo allt eins orðið tillaga um að leggja málið niður.“

Eins og áður segir er í sjálfu sér ekkert vandamál að láta bókstafi enska stafrófsins duga til að skrifa íslensku. Út af fyrir sig myndi það ekki breyta tungumálinu sjálfu – aðeins tákun þess og yfirbragði. En þetta myndi það leiða til þess að allir íslenskir textar fram að þeim tíma, allt frá forn máli til 21. aldar, yrðu meira og minna óaðgengilegir fyrir þá sem ælust upp við hina nýju stafsetningu. Þetta hefði ófyrirsjáanleg áhrif á íslenska menningu og ryfi samhengið í íslenskri málsögu, en stafsetning er límið í henni eins og áður segir. Það má búast við því að róttækar breytingar yrðu á tungumálinu í kjölfar slíks rofs. Erum við tilbúin að taka þá áhættu?